Harpa - bílakjallari og torg



Í bílakjallaranum eru 565 stæði. Í hönnun var lögð sérstök áhersla á björt rými með mikilli lofthæð og fáum burðarsúlum. Í burðarvirki eru notaðar kúluplötur í milligólf og þakplötu bílakjallarans. Kúluplöturnar draga úr eiginþyngd mannvirkisins og gera það að verkum að lengra er á milli súlna.

Bílakjallarinn er neðansjávar og var hugað mjög vel að öllum þéttingum.

Kjallarinn er ankeraður niður, með 500 ankerum sem eru 12 til 17 metra löng, svo hann fljóti ekki upp.

Brýrnar yfir tjarnirnar eru í minningu bryggjanna sem stungust þarna áður í sjó fram og mannfagnaða við skipakomur á Ingólfsgarði.

Verkkaupi
Portus og Situs
Upphaf framkvæmda
2009
Lagnir og loftræsikerfi
Verkís
Landslagsarkitektar
Landslag
Eftirlit
EFLA

Arkitektar
Batteríið
Lok framkvæmda
2011
Burðarþolshönnun
Hnit
Raflagnahönnun
Verkís



Torgið fyrir framan Hörpu skiptist í þrjú svæði, aðkomutorg, fjölnotatorg og dvalarsvæði í krikanum sem byggingin myndar. Við hönnun svæðisins er skírskotað í sögu svæðisins frá því að vera ósnortin fjara þar sem lækurinn rann til sjávar yfir í það að vera hafnarsvæði.
Spegiltjarnir skapa hólmatilfinningu inni á torginu og fjarlægð frá aðliggjandi umferðargötu.

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is